

## HLUTHAFASAMKOMULAG

Eftirfarandi hluthafar í einkahlutafélaginu Grundartangi Þróunarfélag ehf. (félagið), kt. [\_\_\_\_\_], Innrimel 3, 301 Hvalfjarðarsveit;

Akraneskaupstaður, kt. 410169-4449

Borgarbyggð, kt. 510694-2289

Faxaflóahafnir sf, kt. 530269-7529

Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609

Skorradalshreppur, kt. 600269-0709

hér eftir sameiginlega nefndir „aðilar” gera með sér eftirfarandi hluthafasamning („samningurinn“):

### 1. FORSENDUR OG MARKMIÐ

Aðilar samnings þessa hafa stofnað einkahlutafélagið Grundartangi Þróunarfélag ehf. sem ætlað er að vinna að framfaramálum á Grundartanga í Hvalfjarðarsveit. Félagið er í því skyni vettvangur fyrir þessa aðila til samráðs með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu á atvinnustarfsemi á Grundartanga og í aðildarsveitarfélögum. Hlutverk félagsins er að efla og bæta skilyrði fyrir stofnun og rekstur fyrirtækja á Grundartanga, með áherslu á umhverfissvæna starfssemi og bættu nýtingu hráefna sem tryggir sem best jafnvægi milli nýtingar náttúruauðlinda og verndunar þeirra.

Félagið skal móta framtíðasýn fyrir svæðið sem fellur að markmiðum þess skipulags sem gildir á svæðinu. Við gerð framtíðarsýnar fyrir svæðið skal hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Félagið skal taka saman og kynna tölfræðilegar upplýsingar er varða Grundartangasvæðið, s.s er varðar lýðfræði, umhverfismál og eða aðrar tölfræðilegar upplýsingar er svæðið varðar. Þá kemur til greina að félagið annist sjálft um eða standi fyrir sjálfstæðri vöktun og umhverfismælingum.

Félagið skal kynna svæðið sem valkost fyrir framleiðslu og þjónustufyrirtæki sem áhuga hafa á að koma upp starfsemi á svæðinu sem fellur að skipulagi þess og markmiðum félagsins.

Félagið skal skoða möguleika á samstarfi við erlenda aðila sem unnið hafa markvisst að uppbyggingu atvinnusvæða með umhverfisvernd að leiðarljósi, m.t.t. mengunar, fullnýtingar hráefna o.fl.

Félagið skal ekki greiða arð til eigenda þess. Verði hagnaður af starfsemi skal honum varið til eflingar félagsins eða til verkefna á þess vegum. Hluthafar munu sjá til þess að samþykktum félagsins verði breytt verði það nauðsynlegt m.t.t. þess að félagið verði rekið í almenningshella tilgangi, í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

### 2. HELSTU VIÐFANGSEFNI FÉLAGSINS

Félagið skal leitast við að koma á öflugu samráði við starfandi fyrirtæki á Grundartanga. Efna skal til formlegra samráðsfunda árlega eða oftár ef ástæða er til. Þar skal stefna og starfsemi félagsins kynnt og helstu málefni svæðisins rædd.

- 2.1. Efla þá starfsemi sem fyrir er á Grundartanga og styrkja svæðið enn frekar sem atvinnusvæði.
- 2.2. Vinna að stofnun iðnaðar- og framleiðsluklasa á svæðinu.
- 2.3. Láta gera innviðalýsingu (Infrastructure Analysis) fyrir Grundartangasvæðið og kynna hana almenningi. Stuðla að uppbyggingu þeirra innviða sem slík greining leiðir í ljós að þurfi á svæðið.
- 2.4. Vinna að stofnun þróunarseturs í málmiðnaði og málmtækni og jafnvel öðrum iðngreinum á Grundartanga.
- 2.5. Standa fyrir kynningar- og upplýsingaþjónustu til að laða að og aðstoða fjárfesta og opinbera aðila sem gætu viljað standa að atvinnurekstri á Grundartanga.

- 2.6. Þróa og efla samstarf rannsóknar og menntastofnana við atvinnusvæðið á Grundartanga.
- 2.7. Horfa til og efla samfélagslega ábyrgð þeirra fyrirtækja og þeirrar starfsemi sem fram fer á Grundartanga.
- 2.8. Kynna búsetukosti í þeim sveitarfélögum sem að félaginu standa.
- 2.9. Ýmis gagnaöflun og tölfræðileg úttekt:
  - 2.9.1. Stuðla að rannsóknum á sviði umhverfismála á Grundartanga.
- 2.10. Móta framtíðasýn fyrir svæðið, þróun þess og vaxtamöguleika. Undirbúningur og þátttaka í stofnun, eignarhaldi og rekstri annarra félaga.
- 2.11. Stuðla að hagkvæmum og öflugum almenningsangöngum á vinnusóknarsvæði Grundartanga.
- 2.12. Sinna hvers konar verkefnum sem falla að markmiðum félagsins og varða svæðið sem heild eða hluta þess og einn eða fleiri aðilar samningsins óska að fela félaginu, samkvæmt samkomulagi þar um.

Framgangur þessara eða sem og annarra verkefna ræðst af fjárframlögum til þeirra.

### **3. SKIPTING HLUTAFJÁR**

Rekstur félagsins verður í byrjun fjármagnaður með hlutafé en í framhaldi verður leitað eftir styrktarfé til reksturs félagsins. Stofnhlutafé félagsins er 4.500.000,- kr.

#### **3.1. INNBORGAD HLUTAFÉ:**

Stofnhlutafé félagsins skal vera kr. 4.500.000 og skulu stofnendur eiga það í jöfnum hlutföllum.

#### **3.2. AUKIÐ HLUTAFÉ:**

Stjórn félagsins skal hafa heimild sem gildir til aðalfundar ársins 2017, til að auka og kalla inn aukið hlutafé, um kr. 4.500.000. Hluthafar skuldbinda sig til að taka þátt í aukningu hlutafjár verði tekin ákvörðun um þessa aukningu. Hluthafar eru jafnframt skuldabundnir til að tvöfalda hlutafé sitt þegar stjórn félagsins telur þess þörf.

### **4. MEÐFERÐ HLUTAFJÁR**

Hluthöfum er óheimilt að bjóða eða semja við aðila utan hluthafahópsins um sölu á hlut sínum án þess að leita fyrst samninga við félagið sjálft, að því frágægnu við aðra hluthafa skv. hluthafasamkomulagi þessu. Náist samningar ekki við félagið eða aðra hluthafa er viðkomandi heimilt að bjóða hlut sinn til utanaðkomandi aðila.

Komi til sameiningar sveitarfélaga sem eru hluthafar skulu þau afhenda félaginu hlutafé án greiðslu þannig að hlutafé félagsins skuli á hverjum tíma vera í jafnri eigu aðildarsveitarfélaganna.

### **5. STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG**

#### **5.1. Skipun stjórnar**

Aðilar þessa samnings eru sammála um að stjórn félagsins verði skipuð þannig:

- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Akraneskaupstað.
- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Faxaflóahöfnum sf.
- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Hvalfjarðarsveit, sem jafnframt gætir formennsku fyrir félagið.
- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Borgarbyggð.
- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Skorradalshrepp.

- Einn stjórnarmaður tilnefndur af Reykjavíkurborgar Kjósa skal sex varamenn samkvæmt tilnefningum sömu aðila.

Hver fulltrúi í stjórn fer með eitt atkvæði, falli atkvæði jöfn gildir atkvæði formanns tvöfalt. Atkvæði eru samtals sex. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og kýs úr sínum hópi varaformann og ritara. Fulltrúi Hvalfjarðarsveitar fer með formennsku fyrir félagið. Samþykki minnst 2/3 hluta aðila á aðalfundi þarf til að gera breytingar á fjölda stjórnarmanna og breyta samþykktum félagsins.

Aðilum er skylt að beita atkvæðisrétti sínum og áhrifum á hluthafafundum í félaginu þannig að ákvæði þessarar greinar nái fram að ganga og að þeir einstaklingar sem tilnefndir hafa verið nái kjöri í stjórn félagsins.

## 5.2. Hlutverk stjórnar

Stjórnin skal setja sér reglur um starfshætti sína. Ákvarðanir stjórnar eru gildar ef meirihluti stjórnarmanna greiða þeim atkvæði

Stjórn skal halda fundi a.m.k. fjórum sinnum á ári. Ekki skal sérstaklega greitt fyrir stjórnarsetu.

Stjórn getur ráðið sér verkefnisstjóra/ sem ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, framgangi verkefna félagsins, fjármálastjórn og viðhaldi áætlana.

Hlutverk stjórnar er eftirfarandi:

- Stuðlar að vexti og viðgangi félagsins.
- Vinnur að stefnumótun fyrir félagið.
- Setur félaginu eigendastefnu.
- Samþykkir rekstrar- og fjárhagsáætlanir félagsins.
- Hefur eftirlit með rekstri félagsins og veitir stjórnendum aðhald.
- Mótar félaginu launastefnu.
- Setur sér skriflegar starfsreglur þar sem fjallað er um hlutverk og framkvæmd starfa innan stjórnarinnar.

•

## 6. FRAMKVÆMDASTJÓRN

Stjórn félagsins getur ráðið verkefnisstjóra eða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir hönd þess í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum eða skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Hann getur óskað eftir stjórnarfundi, ef hann telur brýna þörf á.

Auk ráðningar verkefna- eða framkvæmdastjóra skal stjórn vera heimilt að skipa félaginu fjölskipaða framkvæmdastjórn sem skal þá meðal annars skipuð fulltrúa eða fulltrúum þeirra atvinnufyrirtækja sem starfa á Grundartanga.

## 7. ÚTTEKT Á STARFSEMI FÉLAGSINS

Á fimm ára fresti frá stofnun félagsins skal stjórn þess láta gera óháða úttekt á starfsemi félagsins og leggja fyrir hluthafafund þar sem fram skal fara umræða um markmið félagsins og árangur af starfi þess.

## 8. GERÐARDÓMUR

Rísi ágreiningur milli samningsaðila um efni þessa samnings, efndir hans eða annað sem samningurinn tekur til eru aðilar sammála um að leggja þann ágreining í úrskurð gerðardóms. Gerðardómurinn skal skipaður þremur mönnum tilnefndum sameiginlega af eigendum og skal einn þeirra a.m.k. uppfylla

skilyrði til þess að vera héraðsdómslögmaður. Verði aðilar ekki sammála um val gerðarmanna innan 15 daga frá því að krafa um gerðardómsmeðferð kemur fram, skal óskað eftir því að dómsstjóri Héraðsdóms Vesturlands tilnefni gerðarmenn.

Óski samningsaðili eftir að vísa ágreiningsefni til gerðardóms skal það gert með bréflægri tilkynningu til hinna.

Að öðru leyti en greinir í ákvæði þessu fer um störf gerðardómsins eftir ákvæðum laga nr. 53/1989 um samningsbundinn gerðardóm.

## 9. GILDISTÍMI, BREYTINGAR O.FL.

Hluthafasamningur þessi tekur gildi við undirritun þess. Samningurinn er bindandi milli aðila á meðan þeir eru hluthafar í félaginu.

Breytingar verða aðeins gerðar á samningi þessum ef minnst 2/3 hlutar stofnaðila eru þeim samþykkir. Hluthafasamningur þessi skal ganga framur samþykktum félagsins hvarvetna þar sem lög heimila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita aðilar nöfn sín undir sjö eintök samnings þessa í votta viðurvist og heldur hver sínu eintaki.

**Hvalfjarðarsveit, \_\_\_\_\_ (dagsetning)**

\_\_\_\_\_  
F.h. Akraneskaupstaðar,

\_\_\_\_\_  
F.h. Borgarbyggðar,

\_\_\_\_\_  
F.h. Faxaflóahafna,

\_\_\_\_\_  
F.h. Hvalfjarðarsveitar,

\_\_\_\_\_  
F.h. Skorradalshrepps,

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar,

**Vottar að rétttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift;**

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
kt.

\_\_\_\_\_  
Nafn

\_\_\_\_\_  
kt.